

Lykilupplýsingaskjal - Lífeyrisauki Erlend verðbréf

Tilgangur

Skjal þetta veitir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingagjöfin er lögbundin og í þeim tilgangi að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Lífeyrisauki Erlend verðbréf

Lífeyrisauki, viðbótarsparnaður Arion banka.

Arion banki hf. kt. 581008-0150

+354 444 7000

lífeyristhjonusta@arionbanki.is

www.arionbanki.is

Arion banki hf. hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki skv. lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 og heyrir undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Arion banki er vörsluaðili lífeyrissparnaðar, sbr. lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Lykilupplýsingar þessar miðast við 31. desember 2022.

Þú ert við það að gera samning um afurð sem er ekki einföld og erfitt gæti verið að skilja.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund


Leiðin er ein sjö fjárfestingarleiða Lífeyrisauka, viðbótarsparnaðar Arion banka.

Markmið

Grunnmarkmið Lífeyrisauka er að veita viðbótartryggingavernd með því að taka við lífeyrisiðgjöldum réttihafa og ávaxta þau í samræmi við fyrirfram ákveðna fjárfestingarstefnu. Í Lífeyrisauka Erlend verðbréf er lögð áhersla á háa langtímaávöxtun með því að fjárfesta í áhættumeiri eignaflokkum. Skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið talsverðar. Fjárfest er sameiginlega fyrir iðgjöld allra réttihafa leiðarinnar. Hver og einn réttihafi á þannig hlutdeild í öllum eignum leiðarinnar. Ávöxtun ræðst af markaðsverði eigna og er birt að frádregnum þeim kostnaði sem sjóðurinn ber, skv. töflu á bls. 3. Lögð er áhersla á ábyrgar fjárfestingar með samfélagslega ábyrgð að leiðarljósi. Nánar um ábyrgar fjárfestingar og stjórnarhætti Arion banka [hér](#) og fjárfestingarstefnu Lífeyrisauka [hér](#).

Stefna um eignasamsetningu

Myndin hér að neðan sýnir stefnu um eignasamsetningu leiðarinnar m.v. 1. janúar 2023. Stefnan er endurskoðuð árlega með hliðsjón af þróun sjóðsins og verðbréfamarkaða. Hafa skal í huga að eignasamsetning leiðarinnar getur tekið breytingum yfir árið en þó innan þeirra vikmarka sem skilgreind eru í fjárfestingarstefnu leiðarinnar.



Fyrir hvern?


Leiðin Lífeyrisauki Erlend verðbréf er ætluð réttihöfum sem leggja áherslu á háa langtímaávöxtun og þola vel talsverðar skammtímasveiflur í ávöxtun. Byggist það viðmið á stefnu um eignasamsetningu leiðarinnar. Þrátt fyrir ofangreint viðmið er öllum frjálst að velja þessa leið óháð aldri. Við val á fjárfestingarleið er m.a. ráðlegt að huga að því hve langt er í útgreiðslu, hver eignastaða réttihafa er og viðhorf til áhættu. Ekki er hægt að segja til um hvaða fjárfestingarleið muni skila hæstu ávöxtun þegar horft er til framtíðar. Þó er almennt talið að hlutabréf ættu að gefa hærri ávöxtun til lengri tíma en skuldabréf og innlán. Ráðlegt þykir að draga úr áhættu í fjárfestingum eftir því sem réttihafi eldist.

Líftími

Líftími inneignar í leiðinni er breytilegur en tímasetning útgreiðslu og flutningur inneignar hefur áhrif á líftímann. Hægt er að fá inneign útgreidda við ýmsar aðstæður, nánar í kaflanum „Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?“. Flutningur inneignar milli fjárfestingarleiða sjóðsins hefur áhrif á líftíma. Lífeyrisauki Erlend verðbréf er ætlaður þeim sem vilja spara til lengri tíma. Flutningur inneignar milli sjóða/vörsluaðila sem oft á sér stað samhliða uppsögn hefur sömuleiðis áhrif. Uppsögn veitir ekki rétt til útgreiðslu og hefur því ein og sér ekki áhrif á líftíma..

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?

Áhættumælikvarðinn og helstu takmarkanir hans



Samantekinn áhættuvísir

Samantekinn áhættuvísir er staðlaður áhættumælikvarði fyrir almenna fjárfesta og tekur tillit til markaðsáhættu og eftir atvikum mótaðilaáhættu útgefanda. Í tilvikum sjóða með marga undirliggjandi útgefendur og daglegt gengi er litið svo á að mótaðilaáhætta endurspeglar í markaðssveiflum. Í þessari leið er markaðsáhætta því ráðandi. Markaðsáhætta er metin út frá sveiflum í daglegu gengi sl. 5 ár og sett fram sem raðnúmer frá 1 upp í 7 þar sem 1 gefur til kynna minnstu sveiflu en 7 mestar sveiflu. Samantekinn áhættuvísir tekur ekki til annarra áhættuþátta en þeirra sem hér hafa verið taldir upp, s.s. áhættu vegna verðbólgu eða lagaumhverfis. Enn fremur er ekki víst að markaðssveiflur í fortíð endurspeglar markaðssveiflur í framtíð þrátt fyrir sambærilega fjárfestingarstefnu. Inneign er einungis laus til útgreiðslu skv. því sem fram kemur í kaflanum „Hvenær losnar innstæðan?“ Lífeyrisauki Erlend verðbréf er í flokki 3 á áhættumælikvarðanum. Skammtímasveiflur í ávöxtun geta verið talsverðar og vænt ávöxtun til lengri tíma er hærri en í áhættuminni leiðum.

Sviðsmyndir um vænta nafnávöxtun og forsendur þeirra

Mánaðarlegt heildariðgjald: 30.000 kr. miðað við 500.000 kr. í mánaðarlaun, 4% iðgjald og 2% móttframlag.				
Sviðsmyndir		1 ár	5 ár	10 ár
Álagssviðsmynd	Möguleg inneign eftir kostnað	257.184	1.358.263	2.397.121
	Meðal ársávöxtun	-54,61%	-11,37%	-8,48%
Óhagstæð niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	348.422	1.851.873	4.220.204
	Meðal ársávöxtun	-6,93%	1,16%	3,17%
Vænt niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	373.395	2.199.643	5.462.738
	Meðal ársávöxtun	8,24%	8,21%	8,21%
Hagstæð niðurstaða	Möguleg inneign eftir kostnað	400.743	2.636.065	7.198.029
	Meðal ársávöxtun	25,76%	15,74%	13,48%
Uppsöfnuð iðgjöld án ávöxtunar		360.000	1.800.000	3.600.000

Sviðsmyndirnar taka ekki tillit til verðbólgu þar sem um nafnávöxtun er að ræða. Hafa skal í huga að áherslubreytingar yfirvalda þ.m.t. breytingar á skattalöggjöf heimaríkis geta haft áhrif á raunverulega útgreiðslu og skattalega stöðu fjárfestis. Við útgreiðslu er greiddur tekjuskattur í samræmi við þau skattalög sem gilda á hverjum tíma.

Yfirlit yfir sögulega ávöxtun Lífeyrisauka Erlend verðbréf m.v. 31.12.2022.

	Sl.12 mán	2021	2020	2019	2018	2017	2016	Sl. 5 ár	Sl. 10 ár	Sl. 15 ár
Nafnávöxtun	-9,40%	13,80%	19,80%	19,50%	3,90%	6,10%	-10,80%	8,90%	5,20%	4,70%
Raunávöxtun	-17,20%	8,50%	15,70%	16,40%	0,70%	4,30%	-12,60%	4,00%	1,70%	0,00%

Mikilvægt er að gera sér grein fyrir því að ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð. Við útreikning er tekið tillit til gjalda og þóknana. Árangur sjóðsins er reiknaður í íslenskum krónum.

Hvað gerist ef Arion banki hf. getur ekki greitt út úr Lífeyrisauka Erlend verðbréf?

Ef Arion banki hf. getur ekki greitt út úr Lífeyrisauka Erlend verðbréf getur rétthafi orðið fyrir fjárhagslegu tapi. Inneign rétthafa í Lífeyrisauka Erlend verðbréf nýtur ekki tryggingarverndar af hálfu Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta eða annarra lögbundinna tryggingakerfa.

Hver er kostnaðurinn?

Mánaðarlegt heildariðgjald: 30.000 kr. miðað við 500.000 kr. í mánaðarlaun, 4% iðgjald og 2% mótframlag.			
Kostnaðarsviðsmyndir	1 ár	5 ár	10 ár
Heildarkostnaður	2.161 kr	73.049 kr	397.034 kr
Áhrif á árlega ávöxtun	1,35%	1,35%	1,35%
Eftirfarandi kostnaður er reiknaður út frá heildareign réttihafa og hefur því ekki áhrif á árlega ávöxtun.			
Einskiptiskostnaður	Flutningskostnaður milli fjárfestingarleiða Lífeyrisauka	0%	Kostnaðurinn sem fylgir því að flytja inneign úr Lífeyrisauka í sambærilega sjóði. Lágmarkskostnaður ef flutt er úr Lífeyrisauka er 5.000 kr.
	Flutningskostnaður úr Lífeyrisauka	0,5%	
Eftirfarandi hlutföll sýna áhrif mismunandi kostnaðarliða á árlega ávöxtun.			
Endurtekinn kostnaður	Kaup- og sölubóknanir vegna verðbréfavíðskipta	0,00%	Kostnaður sem fellur til þegar eign er keypt eða seld.
	Vörslubókun	0,02%	Vörslubókun er reiknuð á stöðu safna á hverjum degi. Vörslubókun er keyrð á vörslusöfn um hver mánaðamót. Lágmarksbókun er reiknuð út á 3ja mánaða fresti. Vörslubókun er gjaldfærð á vörslusöfn árlega.
	Umsýslubókun til rekstraraðila	0,64%	Beinar umsýslubóknanir til að greiða kostnað við rekstur fjárfestingarleiðarinnar.
	Áætluð og reiknuð óbein fjárfestingargjöld	0,57%	Fjárfestingakostnaður er breytilegur eftir eignum og eignaflokkum og þar með er uppgæfið breytilegt eftir eignasamsetningu sjóðsins. Sjá má fjárfestingarkostnað hvers eignaflokks í fjárfestingarstefnu sjóðsins.
	Annar rekstrarkostnaður	0,00%	Annar tilfallandi kostnaður sem er nauðsynlegur við rekstur fjárfestingarleiðarinnar.

Kostnaðarhlutföll byggjast á útreikningi síðasta ársreiknings. Hafa skal í huga að kostnaður á það til að breytast lítillega frá ári til árs. Svíðsmyndir heildarkostnaðar taka tillit til alls endurtekings kostnaðar.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Hvenær losnar innstæðan?

Almennt getur inneignin orðið laus vegna aldurs, örorku eða andláts réttihafa, sbr. lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Frá 60 ára aldri er inneign laus til útgreiðslu, ásamt vöxtum, þó ekki fyrir en tveimur árum eftir greiðslu fyrsta iðgjalds. Við 10% örorku eða meira getur réttihafi óskað eftir útgreiðslu, þó ekki fyrir en tveimur árum eftir greiðslu fyrsta iðgjalds og skulu greiðslur að lágmarki dreifast jafnt á sjö ár vegna 100% örorku. Deyi réttihafi áður en innstæða er að fullu greidd út fellur hún til erfingja hans og skipt-ist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti réttihafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. másl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997. Auk þessa er hægt að ráðstafa viðbótariðgjöldum skattfrjálst vegna íbúðakaupa, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Skattfrjálstu úrræðin eru tvö þ.e. „tíu ára úrræðið vegna kaupa á fyrstu íbúð“ og „almenna úrræðið til annarra íbúðakaupa“. Í úrræðunum er hægt að óska eftir eingreiðslu húsnæðissparnaðar við kaup á íbúðarhúsnæði og reglulegri ráðstöfun inn á lán. Nánar á vef [RSK](#). Áhrif skammtímasveiflna geta aukist ef inneign er innleyst af öðrum ástæðum en aldri, vegna breytinga á áætluðum líftíma. Viðbótarkostnaður vegna þessara úrræða er enginn.

Uppsagnartími

Hægt er að segja upp samningi um viðbótarsparnað með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og undirrituð af réttihafa. Uppsögn veitir ekki rétt til útgreiðslu inneignar. Arion banki getur ekki sagt upp samningi við réttihafa.

Umfóttunartími

Undirritun réttihafa á samningnum skuldbindur hann ekki fyrir en fjórtán dögum frá gerð samnings. Þetta kallast umfóttunartími og er réttihafa heimilt að falla frá samningi innan þess frests.

Hvernig ber ég fram kvörtun

Hægt er að bera fram kvörtun til Lífeyrisþjónustu Arion banka í gegnum síma og tölvupóst:

+354 444 7000

lífeyristhjonusta@arionbanki.is

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Hægt er að nálgast reglur Lífeyrisauka, allar helstu upplýsingar um útgreiðslur og fleira á www.arionbanki.is/lifeyrisauki